

Íslandsmeistaramótið í Loftskammbýssu fór fram í Egilhöllinni í dag. Ívar Ragnarsson úr SFK sigraði í karlaflokki með 566 stig, Jórunn Harðardóttir úr SR í kvennaflokki með 550 stig, Adam Ingi Höybe Franksson úr SFK í drengjaflokki með 490 stig, Elín Kristín Ellertsdóttir úr SKS í stúlknaflokki með 491 stig, lið SFK í karlaflokki og lið SR í kvennaflokki. Eins voru krýndir Íslandsmeistarar í flokkum og er hægt að nálgast nánari upplýsingar á úrslitasíðu STÍ.